



Kaffi

„Sjitturinn! Helvítis fokking fokk!“

Þessi upphröpun færði Hallgrími Unnsteinssyni viðvör-
unaraugnaráð úr eldhúsdyrnum. Honum var svo sem sama,
kerlingin var meinlaus. Honum var hins vegar alls ekki sama
um að tapa þessum leik. Þröstur vann alltaf. Án gríns. Þeir
höfðu spilað þennan fótboltaleik á netinu í margar vikur og
þetta var í fyrsta skipti sem hann var svo mikið sem nálægt því
að vinna.

Hann ýtti sér frá tölvuborðinu og sneri sér heilan hring á
stólnum áður en hann stóð upp. Þetta yrði útkljáð síðar. *Enginn
tími*, hugsaði hann með sér og lagði af stað upp stigann.

„Og hvert þykist þú vera að fara?“

Hvað nú? Þirraður sneri Hallgrímur sér við og leit á móður
sína óviss um hvað hann hafði gert af sér. Hann hlaut að hafa
gleymt einhverju einu sinni enn. Þrátt fyrir góðar gáfur og
velheppnaða skólagöngu fram að þessu átti hann í stökustu

vandræðum með að muna eftir hinum og þessum smáverkum sem móðir hans bað hann um. Það var alltaf eitthvað. Fara út með ruslið. Gefa kettinum. Vökva blómin. Setja í uppþvottavélina. Óþolandi alveg!

„Ætlar þú ekki að borða með okkur?“ spurði húsmóðirin Anna María með örlitlum broddi í röddinni.

Hann yppti öxlum og gjóaði augunum á standklukkuna í stofunni sem blasti við úr fimmtu tröppu. Hálf sjö. Hann fann að hann var orðinn svangur.

„Jújú. Hvað er í matinn?“

Stórt brosið yngdi mömmu hans upp um mörg ár. „Hakk og spaghatti.“

Hallgrímur gat ekki annað en kinkað kolla í viðurkenningsarskyni. Hún var ágæt hún mamma og frábær kokkur. Verst að hann hafði ekki tíma til að borða eins mikið og hann hefði viljað. Hann átti eftir að fara í sturtu og svona. Gera sig kláran fyrir kvöldið. Fyrst átti hann stefnumót við Þröst í sjoppunni á horninu klukkan hálf átta og þaðan ætluðu þeir ásamt nokkrum félögum sínum á ball í skólanum. Einhver snillingurinn í nemendafélaginu hafði fengið þá hugmynd að halda hrekkjavökuball.

Eftir nokkrar mínútur við matarborðið lá við að hann gæti ekki hreyft sig. Að óreyndu hefði hann aldrei trúað hvað hægt var að torga miklum mat á skömmum tíma.

„Takk fyrir mig mamma,“ sagði hann um leið og hann stóð upp og setti diskinn sinn í vaskinn.

„Verði þér að góðu vinur. Ertu viss um að þú viljir ekki meira?“

Hann hristi höfuðið. Hann mátti engan tíma missa. Það tæki sinn tíma að fullkomna lúkkið.



DIEM

„Þú manst að þú ætlar að mála mig á eftir, ókei?“ Hann beið ekki eftir svari heldur flýtti sér upp stigann og inn í herbergið sitt. Hann fann um leið titring í buxnavasanum og tók upp símann.

Skilaboðin voru frá Valla, einum af hans bestu vinum:

Náði 2

Hallgrímur glotti út í annað. Tveir voru betra en ekkert. Hann var heldur ekkert hrifinn af bjór. Valli, sem réttu nafni hét Valþór, hafði talað fjálglega um það í skólanum fyrr um daginn að mamma sín ætti alltaf helling af bjór og hann gæti sko reddað þeim nokkrum. Nánast eins mörgum og þeir kærðu sig um. Eitthvað hafði greinilega klikkað.

Búningurinn hékk á herðatré utan á fataskápnum. Þokkalega flottur. Stuttar buxur, hvít skyrta, há stígvél, vesti, belti, hattur, sverð og síðast en alls ekki síst síða hárkollan og rauður klúturinn.

Hallgrímur brá sér eldsnöggt í sturtu og klæddi sig. Gekk svo yfir ganginn að herbergi foreldra sinna og virti árangurinn fyrir sér í mannhæðarháum spegli.

Ekki sem verst. Hann sveiflaði sverðinu og setti í brýrnar. Með smá augnmálningu yrði þetta fínt. Captain Jack Sparrow var mættur til leiks.

„Mamma!“

Engin viðbrögð. „MAMMA!“ kallaði hann aftur og hærra í þetta sinn. Loks heyrði hann að hún var lögð af stað upp stigann. Hann leit á úrið. Sjitt! Klukkan var orðin korter yfir sjö.

„Jæja, ég er ...“

„Þú verður að vera snögg, ég ætla að vera kominn út á horn eftir smástund,“ greip hann óþolinmóður fram í.

„Rólegan æsing góði. Heimurinn ferst ekki þó Þröstur þurfi að standa einn í nokkrar mínútur. Það er ekki eins og þið séuð samvaxnir eða hvað?“

Hallgrímur hnussaði eitthvað óskiljanlegt og tyllti sér á klósettsetuna meðan hún smurði þykku lagi af svörtum augnskugga kringum augu hans. Nokkrum mínútum síðar gekk hún frá snyrtivörunum og úrskurðaði að verkinu væri lokið.

Hallgrímur leit eldsnöggt í spegilinn og flýtti sér svo niður. Heyrði svo að hún kallaði eitthvað á eftir honum og staldraði við.

„Fæ ég engar þakkir?“ endurtók hún og bætti við: „Ertu sáttur við þetta?“

Hann kinkaði kolla. „Þetta er fínt mamma. Takk. Þetta er snilldarábúningur.“

Hann snerist á hæli og hljóp út úr húsinu. Klukkuna vantaði tuttugu mínútur í átta. Það síðasta sem hann heyrði áður en hurðin skall á hæla honum var rödd móður hans sem kallaði: „Hann má líka vera andskoti flottur miðað við hvað hann kostaði!“

Eftir nokkur skref áttaði hann sig á að það hefði verið snjallt að fara í úlpu. Það var skítakuldi. Örugglega frost. Hann leit til himins en var ekki viss hvort það væri að fara að snjóa eða ekki. Hann var enginn veðurfræðingur.

„Loksins maður! Ég var farinn að halda að þú hefðir drepist á leiðinni!“ kallaði kunnugleg rödd á móti honum þegar hann nálgaðist söluturninn. Valli, klæddur sem pelabarn stóð þar með opna bjórflösku í hendi.

Þröstur lét sér nægja að kinka kolla og sömu sögu var að segja um hina tvo, Kiddu og Arnar, bekkjarfélaga þeirra.



DIEM

Án þess að segja orð rétti Kiddi honum bjórflösku og hann fékk sér sopa. Djöfull var þetta ógeðslegt. Hann rétti flöskuna til baka og þakkaði í hljóði fyrir að mamma hans Valla hafði ekki átt meiri birgðir. Sannleikurinn var sá að hann var ekki neinn drykkjumaður. Gafst alltaf upp löngu áður en hann fór að finna á sér og skyldi ekki alveg sífelldar tilraunir félaga sinna til að verða sér úti um áfengi.

Hallgrímur virti félaga sína fyrir sér svo lítið bar á og fann til einkennilegrar ánægju þegar honum varð ljóst að hann hafði orðið sér úti um langflottasta búninginn. Valli hafði greinilega sett sinn búning saman sjálfur af litlum efnum og sömu sögu var að segja um Kidda sem hafði látið sér nægja að fara í gúmmískó og lopapeysu ásamt því að teikna á sig yfirvaraskegg. Það var ekki laust við að hann fyndi til öfundar yfir lopahúfunni og ullarsokkunum í nístandi kuldanum. Arnar hafði ekki einu sinni keypt sér almennilegan búning þrátt fyrir að vaða í seðlum. Hann var með ljósa fléttuháarkollu og bleikan kinnalit.

Þokkalega ófrumlegt, hugsaði Hallgrímur með sér en fann svo hvernig efasemdir hans vöknudu. Hafði hann sjálfur gengið allt of langt? Og gleðin sem hann fann fyrir örskömmu áður breyttist skyndilega í vandræðalega skömmustutilfinningu um leið og hann hugsaði með sér sjitt, ég er algjör stelpa!